

## AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 151. löggjafarþings, frá 6. júlí 2021 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

*Gjört á Bessastöðum, 6. júlí 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

---

*Katrín Jakobsdóttir.*“

Alþingi samþykkti hinn 6. júlí 2021 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 151. löggjafarþings, frestað hinn 6. júlí 2021.

*Forsætisráðuneytinu, 7. júlí 2021.*

F. h. r.  
**Bryndís Hlökkversdóttir.**

---

*Erna Sigríður Sigurðardóttir.*